



Jafnlaunastefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Stefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps er að allt starfsfólk njóti jafnra launa og sömu kjara og þóknana fyrir sömu og jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Allt starfsfólk skal njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár í samræmi við gildandi kjarasamninga, óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, skertri starfsgetu, kynhneigð, kyneinkennum og kyntjáningu.

Stefnt er að því að óútskýrður launamunur hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi verði 0% og heildarfrávik ekki meira en 3%. Jafnlaunastefna er jafnframt launastefna sveitarfélagsins.

Jafnlaunastefna sveitarfélagsins byggir á áætlun sveitarfélagsins um jafnrétti og nær stefna og áætlunin til alls starfsfólks sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa og annarra kjara þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, skertri starfsgetu, kynhneigð, kyneinkennum og kyntjáningu. Starfsfólki er ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef það kýs svo.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur fylgir lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna nr. 150/2020, lögum nr. 151/2020 um sjórnsýslu jafnréttismála, lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, auk annarra laga og reglna er snúa að jafnrétti og kröfum úr Jafnlaunastaðlinum.

Til að framfylgja jafnlaunastefnunni og uppfylla kröfur Jafnlaunastaðilsins skuldbindur sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur sig til að:

- Skjalfesta, innleiða og viðhalda jafnlaunakerfinu.
- Stunda stöðugar umbætur og eftirlit á jafnlaunakerfinu og bregðast við eftir þörfum.
- Æðstu stjórnendur rýni jafnlaunamarkmið og árangur jafnlaunakerfisins árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem eru í gildi á hverjum tíma.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsfólki sveitarfélagsins.
- Hafa stefnuna aðgengilega almenningi á heimasíðu sveitarfélagsins.

Jafnlaunastefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps var samþykkt í sveitarstjórn þann 6. september 2023 og gildir til loka árs 2027. Fellur þar með úr gildi jafnlaunastefna sveitarfélagsins frá 16. september 2020.